



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

CLINTON HEIMSPINGIÐ OG ÖNNUR MÁLÞING Í BANDARÍKJUNUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú sækja Heimsping Clintons, fyrrum forseta Bandaríkjanna, *Clinton Global Initiative*, sem hefst í New York í dag, mánudaginn 22. september, og stendur fyrrihluta þessarar viku. Á þinginu mun forseti vera meðal frummælenda í sérstökum málstofum um nýtingu hreinnar orku í þágu sjálfbærni og efnahagsþróunar og um hvernig áföll og kreppur geta leitt til nýsköpunar og framfara.

Í gær, sunnudaginn 21. september, tók forseti þátt í umræðum um loftslagsbreytingar og efnahagsþróun á málþinginu The New York Forum sem haldið var í bókasafni borgarinnar, The New York Public Library. Meðal annarra þátttakenda í umræðunum var Henry Paulson, fyrrum fjármálaráðherra Bandaríkjanna og einn af höfundum nýrrar skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á efnahagslíf í Bandaríkjunum.

Í lok síðustu viku tóku forsetahjónin þátt í málþingi sem bandaríski sjónvarpsmaðurinn og þáttastjórnandinn Charlie Rose efndi til í Aspen. Meðal þátttakenda í málþinginu voru fjölmargir forystumenn úr bandarískum stjórnámálum og viðskiptalífi, frumkvöðlar og vísindamenn, stjórnendur háskóla sem og forystumenn alþjóðlegra stofnana og fyrirtækja.

Forseti mun í New York einnig eiga fundi um þróun Norðurslóða, framlag Íslendinga til nýtingar hreinnar orku í öðrum heimshlutum sem og þátttöku ýmissa bandarískra aðila í Hringborði Norðurslóða, Arctic Circle, sem haldið verður í Reykjavík í lok næsta mánaðar.

22. september 2014

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).